

FUNDARGERÐ

365. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 27. október 2015 kl. 9.00 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Anna Þrúður Þorkeldsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Esther Ú. Friðþjófsdóttir, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi var Brynjólfur Sigurðsson.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

1. Kjaramálin staðan stutt yfirlit

Áfram styrr um hvað felst í launþróun. Áherlsan er á 300 lágmarkslaun í áföngum og að þeir sem verst eru settir fá lágmarksframfærslu. Umræða um hvort leið sé að ná inn hækkun persónuafsláttar og um krónutöluhækkun lífeyris.

2. FEB 30 ára afmæli 2016 – undirbúningur

Formaður opnaði umræðu um hvort og hvað þá ætti að gera í tilefni afmæli félagsins á næsta ári. Hugmynd sett fram um ráðstefnu „Kjörin og framlag eldri borgara til samfélagsins“. Umræða um að reyna að breyta ímynd fólks á félaginu og hugmyndum um eldri borgara í kringum afmælið. Nefnd um afmælisárið undir stjórn formanns sett á laggirnar.

3. Næstu skref með Velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Fulltrúar FEB hafa fundað með starfsmönnum sviðsins og er nú komið að næstu skrefum í þeim viðræðum.

Samþykkt eftir umræður að fulltrúar FEB fari inn í frekari viðræður á sömu forsendum varðandi leigu og aðgengi og þeir aðilar sem nú fá aðstöðu innan þjónustumiðstöðva borgarinnar með það að leiðarljósi að að bæta við framboð og gera það sem í boði verður meira aðlaðandi fyrir þennan hóp. Koma með hugmyndir og reynslu FEB inn í félagsstarfið. Horfa þarf til hvernig nágrannasveitarfélög Reykjavíkur útvega / koma til móts við eldri borgara félög með gjaldfrjálsri aðstöðu.

Listað upp farið yfir á það sem jákvætt / neikvætt má sjá í slíku samstarfi við borgina.

JÁ	NEI
Fleiri staðir Möguleikar á samstarfi við aðra Opinn aðgangur f. aðra en félagsmenn Rekstur á forsendum Korpuúlfa Betri nýting fjár FEB	Leiga á húsnæði Aðstaða að mötuneyti íbúa Ósjálfstæði gagnvart Rvk.borg Launaðir sjálfboðaliðar
Fá skrifstofu f. FEB	"Óvirkni" FEB félags
Sala á Stangarhyl Fleiri sjálfbóðaliðar Lækkun kostnaðar Betri nýting fjár FEB -Losa um skuldir	Húsnæði utan íbúakjarna eldri borgara

Niðurstaða að halda áfram viðræðum við Velferðarsvið Rvk.borgar.

Önnur mál

- Fjárhagsstaða FEB - staða innheimtu og greiðsla inn á lán
- Aldursvæn borg kynning fyrir starfsm. borgarinnar og félagsmenn hér í Stangarhlynum miðvikudaginn 11. nóvember kl. 14.00.

Næsti fundur stjórnarinnar er á dagskrá þriðjudaginn 17. nóvember. Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 10.50.